



Eftirlitsskýrsla

Áburðareftirlit 2013

Janúar 2014



EFNISYFIRLIT

I. Framkvæmd áburðareftirlits.....	4
1. Inngangur	4
2. Áburðareftirlit	4
3. Sýnataka	4
4. Leyfð vikmörk	4
5. Helstu niðurstöður áburðareftirlits ársins 2013.....	5
6. Athugasemdir frá fyrirtækjum.....	5
II. Bu.is	6
1. Skráður áburður hjá Bu.is	6
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	6
2.1. N 27+S	6
IV. Buvís ehf.....	7
1. Skráður áburður hjá Búvís ehf.	7
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	7
2.1. Kraftur 34.....	7
2.2. Völlur 30-5+S.....	7
2.3. Völlur 28-7-6+S.....	8
2.4. Kraftur 27.....	8
2.5. Kraftur 27+S	8
2.6. Völlur 27-12+S.....	9
2.7. Völlur 26-6-6+S.....	9
2.8. Völlur 23-7-12+S.....	9
2.9. Völlur 20-10-10+S.....	10
2.10. Völlur 17-15-15+S.....	10
V. Fóðurblandan hf.....	11
1. Skráður áburður hjá Fóðurböndunni hf.	11
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	11
2.1. Magni S	11
2.2. Græðir 9	11
2.3. Fjölgræðir 9b	12
2.4. Fjölmóði 3	12
2.5. Fjölmóði 2	12
2.6. Fjölgræðir 7	13
2.7. Fjölgræðir 6	13
2.8. Græðir 8	13
2.9. Fjölgræðir 5	14
2.10. Græðir 1	14
VI. Karki ehf.....	15
1. Skráður áburður hjá Karka ehf.....	15
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	15
2.1. Blákraftur	15
2.2. Garðkraftur	15
VII. Skeljungur hf.....	16
1. Skráður áburður hjá Skeljungu hf.....	16
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	16
2.1. Sprettur 27%N	17

2.2. Sprettur 27-6-6+5%SO ₃	18
2.3. Sprettur 26-13.....	19
2.4. Sprettur 26%N 9%SO ₃	19
2.5. Sprettur 25-9-8	20
2.6. Sprettur 25-5.....	20
2.7. Sprettur 25-5+Av+Se	21
2.8. Sprettur 22-14-9.....	21
2.9. Sprettur 22-10-10.....	22
2.10. Sprettur 22-6-13.....	22
2.11. Sprettur 22-7-6.....	23
2.12. Sprettur 22-7-6+Se	23
2.13. Sprettur 20-10-10+Av+Se	24
2.14. Sprettur 20-12-8+Se	24
2.15. Sprettur 16-15-12.....	25
2.16. Sprettur 12-12-20+B+Avail.....	25
VIII. Sláturfélag Suðurlands svf.	26
1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands svf.	26
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	26
2.1. Opti Kas 27-0-0.....	26
2.2. NP 26-6	27
2.3. NPK 25-2-6.....	27
2.4. NPK 24-4-7	28
2.5. NPK 21-4-10.....	28
2.6. NPK 21-3-8+Se	28
2.7. NPK 15-7-12.....	29
IX. Innfluttur áburður á árinu	30
1. Bananar ehf.	30
2. Bauhaus Ísland ehf.	30
3. Bergdal ehf.	30
4. Bláa lónið hf.	31
5. Blómaval.....	31
6. Bu.is ehf.	31
7. Búvís ehf.	31
8. Espiflöt ehf.....	32
9. Fóðurblandan hf.	32
10. Frjó ehf.	33
11. Gróðurvörur ehf.	33
12. Grænn Markaður ehf.	33
13. Grastec ehf.	34
14. Innigarðar ehf.	35
15. Karki ehf.	35
16. Landstólpi ehf.	36
17. Lífland ehf.....	36
18. MHG ehf.	36
19. Nathan & Olsen hf.	37
20. NPK ehf.	37
21. Planta ehf.	38
22. Samasem ehf.	39

23. Skeljungur hf.....	39
24. Sláturfélag Suðurlands svf.	40
25. Steindir ehf.	40
26. Umhverfisvörur ehf.	41
X. Innlend áburðarframleiðsla.....	42
1. Innlend áburðarframleiðsla	42
1.1. Orkugerðin ehf.	42
1.2. Guðjón D Gunnarsson	42
1.3. Haustak hf.	42
1.4. Íslenska Gámafélagið Gufunesi	42
1.5. Gámaþjónustan	42
1.6. Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.	42
1.7. Molta ehf.....	42
1.8. NorðurBragð	42
1.9. Skinney – Þinganes	43
1.10. Sorpa Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins	43
1.11. Spretta ehf.	43
1.12. Ylfur ehf.	43
1.13. Þórduna ehf.	43
1.14. Þörungaverksmiðjan	43
XI. Athugasemdir frá fyrirtækjum	44
1. Athugasemdir frá Fóðurlöndunni.....	44
2. Athugasemdir frá Skeljungu hf.	45

I. Framkvæmd áburðareftirlits

1. Inngangur

Um áburð og eftirlit með ólífrænum áburði gilda lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð, sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2003/2003 um áburð og gildir því um merktan EB-áburð og reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni sem gildir um áburð sem ekki er merktur EB-áburður. Um birtingu niðurstaðna áburðareftirlits gildir reglugerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna eftirlits með áburði. Samkvæmt henni ber Matvælastofnun að birta á heimasíðu sinni niðurstöður áburðareftirlits fyrir lok viðkomandi árs. Hverju fyrirtæki verður gefinn kostur á að andmæla niðurstöðum stofnunarinnar og verða andmælin birt í viðauka við eftirlitsskýrsluna. Því verða niðurstöður eftirlits þessa árs birtar á heimasíðu Matvælastofnunar.

2. Áburðareftirlit

Allan áburð sem settur er á markað héraendis ber að skrá hjá Matvælastofnun. Það á bæði við um áburð sem er fluttur inn og þann sem er framleiddur héraendis, hvort sem áburðurinn er ólífrænn eða lífrænn. Undantekning frá þessari reglu er húsdýraáburður sem notaður er innan býlis. Innflytjendur og framleiðendur áburðar verða því að láta skrá þær tegundir áburðar sem ætlunin er að setja á markað.

3. Sýnataka

Sýni af ólífræna áburðinum eru tekin með þar til gerðu sýnatökuspjóti. Úr fjölkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 40 sekkjum (40/1), en úr einkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 8 sekkjum (8/1), þar sem hver spjótstunga er talin eitt hlutasýni. Sýnatökusekkir voru valdir af handahófi á hverjum sýnatökustað. Þannig mynduðu hlutasýnin safnsýni, sem var smækkað og að lokum skipt í 4 lokasýni, 500 - 1000 g hvert. Við smækkun og skiptingu sýnanna var notaður sýnadeilir, sem bæði blandar og skiptir sýnunum. Til að tryggja sem besta blöndun eru sýnin blönduð tvisvar með sýnadeilinum. Matvælastofnun sendi svo fljótt sem verða mátti eitt lokasýni í efnagreiningu hjá LUFÁ í Þýskalandi, eitt lokasýni fékk viðkomandi fyrirtæki, en tvö lokasýni eru í vörslu Matvælastofnunar til frekari efnagreininga ef þurfa þykir.

Til viðbótar sýnatöku er litið á áferð áburðarins t.d. hvort hann er kekkjóttur og mun á litbrigðum auk þess sem merkingar áburðarins eru skoðaðar og gerðar athugasemdir eftir því sem við á.

4. Leyfð viktörk

Reglur um leyfð viktörk næringarefna í áburði eru í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og II viðauka EB-reglugerðar nr. 2003/2003 um áburð sem var innleidd með reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð. Leyfð viktörk skilgreina hve mikið mælt innihald næringarefna í áburði má víkja frá skráðu innihaldi þeirra. Við setningu vikmarkanna var tekið tillit til skekkju vegna sýnatöku og mælingaaðferða. Ekki er sett hámark á innihald einstakra næringarefna í áburðinum, en viktörkin eru því neikvæð gildi, þ.e. hve mikið mælt innihald næringarefna má vera lægra en skráð gildi. Aftast í töflunum um efnagreiningar á hverri áburðartegund eru leyfð viktörk gefin upp fyrir hvert næringarefni, eða fyrir áburðartegundina.

5. Helstu niðurstöður áburðareftirlits ársins 2013

Á árinu 2013 fluttu 26 fyrirtæki inn áburð alls 246 tegundir. Alls voru flutt inn 50.516 tonn af áburði af þeim voru 571 tonn af áburði frá Skeljungu endursend eftir innköllun vegna of mikils kadmíums í honum. Á markaði voru því 49.945 tonn. Innlendir framleiðendur eru 14 á skrá, það eru fyrirtæki sem framleiða áburð eða jarðvegsbætandi efni á landinu. Áburðarfyrirtæki sem voru með skráða starfsemi á árinu eru því 40.

Sýnataka og vöruskoðun var gerð hjá 6 innflutningsfyrirtækjum og voru alls 48 áburðarsýni tekin á árinu. Auk þess voru merkingar og umbúðir skoðaðar.

Við efnamælingar kom í ljós að 17 áburðartegundir voru með meira frávik í efnainnihaldi en leyfilegt er samkvæmt ákvæðum reglugerða. Þar af voru 13 með of mikið kadmíuminnihald, 2 með of lítið köfnunarefni, 1 með of lítið kalí. Efnamælinar á einni áburðartegund gaf mjög ólíkar niðurstöður og því var sýni af henni sent í 3 mælingar, sem allar gáfu gildi fyrir einhver næringarefni undir leyfðum vikmörkum. Þessar tegundir hafa verið teknar af skrá Matvælastofnunar. Allt miðast við uppgöfin gildi við skráningu og samkvæmt merkingum.

Merkingar áburðarins hafa batnað frá fyrri árum og eru fáar athugasemdir gerðar þess vegna. Samræmi þarf að vera milli merkinga áburðar og hlutfalla efna sem gefin eru upp við skráningu hans. Merkingar áburðarins eiga að vera á íslensku og hlutföll næringarefna af þyngd skulu skráð á merkingar.

6. Athugasemdir frá fyrirtækjum

Tvö fyrirtæki Fóðurblandan hf. og Skeljungur hf. gerðu skriflegar athugasemdir við þeirra hluta í skýrslunni. Þessar athugasemdir eru birtar í viðaukum aftast í skýrslunni samkvæmt 4 gr. Reglugerðar 291/2010.

II. Bu.is

1. Skráður áburður hjá Bu.is

Ein áburðartegund er skráð hjá Bu.is, sem skráð var á árinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Áburðartegundin N 27+S var með köfnunarefnisinnihald undir leyfðum vikmörkum. Áburðartegundin var því tekin af skrá Matvælastofnunar.

2.1. N 27+S

Meðfylgjandi eru niðurstöður efnagreininga fyrir N 27+S. Þar kemur fram að köfnunarefnisinnihald áburðarins er undir leyfðum vikmörkum. Matvælastofnun bærust engin andmæli vegna þessara efnagreininga frá fyrirtækinu. Áburðartegundin er því tekin af skrá Matvælastofnunar og verður fyrirtækið að láta endurskrá hann hyggist það flytja hann inn aftur. Ekki er heimilt að dreifa þessari tegund til notenda fyrr en að loknum sýnatökum og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald.

Tafla 1 Niðurstöður efnagreininga af N27+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	25,10	-1,90	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,00	7,32	2,32	-0,64
Brennisteinn (S)	4,80	5,40	0,60	-0,36

IV. Buvís ehf.

1. Skráður áburður hjá Buvís ehf.

Buvís hefur 23 áburðartegundir á skrá Matvælastofnunar. Fyrirtækið flutti inn 11 tegundir á árinu. Árið 2013 voru 6 tegundir nýskráðar eða endurskráðar frá fyrirtækinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af 10 áburðartegundum sem fyrirtækið flutti inn. Matvælastofnun gerði athugasemd við efnainnihald einnar tegundar, en efnagreininganiðurstöður fyrirtækisins voru yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Engin áburðartegund sem Buvís ehf. flutti inn var því tekin af skrá.

Áburðurinn var einnig merktur samkvæmt reglum.

Hér á eftir koma niðurstöður efnamælinga fyrir einstakar tegundir.

2.1. Kraftur 34

Sýni var tekið af Krafti 34 á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu mælingar sem sýndu köfnunarefni undir leyfðum vikmörkum. Fyrirtækið lét því efnagreina annað sýni og fékk mælingar sem sýndu engin frávik frá skráðu gildi. Matvælastofnun gerði því ekki frekari athugasemdir við efnainnihald þessa áburðar.

Tafla 2 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Krafti 34

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	34,40	33,30	-1,10	-0,60

Tafla 3 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Krafti 34

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	34,40	34,40	0	-0,60

2.2. Völlur 30-5+S

Sýni af Velli 30-5+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 4 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Velli 30-5+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	30,00	29,50	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	2,00	2,32	0,32	-0,48
Brennisteinn (S)	2,00	2,72	0,72	-0,36

2.3. Völlur 28-7-6+S

Sýni af Velli 28-7+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 5 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Velli 28-7-6+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,50	26,80	-0,70	-1,10
Fosfór (P)	2,50	2,52	0,02	-0,48
Kalí (K)	5,00	4,96	-0,04	-0,91

2.4. Kraftur 27

Sýni af Krafti 27 var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 6 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Krafti 27

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,40	-0,60	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,29	6,51	2,22	-0,64
Brennisteinn (S)	2,90	3,46	0,56	-0,36

2.5. Kraftur 27+S

Sýni af Krafti 27+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 7 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Krafti 27+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,40	-0,60	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,29	6,51	2,22	-0,64
Brennisteinn (S)	2,90	3,46	0,56	-0,36

2.6. Völlur 27-12+S

Sýni af Velli 27-12+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 8 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Velli 27-12+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,50	26,60	0,10	-1,10
Fosfór (P)	5,00	5,44	0,44	-0,48

2.7. Völlur 26-6-6+S

Sýni af Velli 26-6-6+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 9 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Velli 26-6-6+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,30	-0,70	-1,10
Fosfór (P)	2,50	3,38	0,88	-0,48
Kalí (K)	4,90	5,74	0,84	-0,91

2.8. Völlur 23-7-12+S

Sýni af Velli 23-7-12+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 10 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Velli 23-7-12+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	22,30	-0,70	-1,10
Fosfór (P)	3,00	3,43	0,43	-0,48
Kalí (K)	10,00	11,23	1,23	-0,91

2.9. Völlur 20-10-10+S

Sýni af Velli 20-10-10+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 11 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Velli 20-10-10+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,20	20,80	0,60	-1,10
Fosfór (P)	4,10	4,60	0,50	-0,48
Kalí (K)	8,00	9,07	1,07	-0,91
Brennisteinn (S)	4,00	5,06	1,06	-0,36

2.10. Völlur 17-15-15+S

Sýni af Velli 17-15-15+S var tekið á Akureyri 30. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 12 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Velli 17-15-15+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,50	17,20	0,70	-1,10
Fosfór (P)	6,40	6,85	0,45	-0,48
Kalí (K)	12,00	12,95	0,95	-0,91

V. Fóðurblandan hf.

1. Skráður áburður hjá Fóðurböndunni hf.

Fóðurblandan hefur 36 áburðartegundir á skrá Matvælastofnunar og 3 tegundir köfnunarefnisbindandi baktería. Aðeins ein tegund var nýskráð á árinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af 10 tegundum sem Fóðurblandan flytur inn. Efnagreiningar þriggja tegunda gáfu gildi undir leyfðum vikiörkum. Þessar tegundir voru teknar af skrá Matvælastofnunar. Hyggist fyrirtækið flytja þessar tegundir inn aftur verður það að láta endurskrá þær. Dreifing á þeim til notenda verður ekki leyfð fyrir en búið er að taka sýni af áburðinum og efnagreiningar þeirra sýni að hann stenst kröfur um efnainnihald. Þessar tegundir eru:

- Græðir 1: Of lágt kalí (K) og brennisteinn (S)
- Fjölgræðir 6: Of lágt kalí (K)
- Fjölgræðir 9b: Of lágt köfnunarefni (N)

Kadmíum (Cd) í áburðinum var undir mælanlegum mörkum. Athugasemdir voru gerðar við merkingar á Magna S.

2.1. Magni S

Sýni af Magna S var tekið í Þorlákshöfn 10. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikiörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Merkingar vantaði á hluta sekkjanna og er gerð athugasemd við það.

Tafla 13 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Magna S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,80	-0,20	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,20	6,89	2,69	-0,64
Brennisteinn (S)	4,00	4,99	0,99	-0,36

2.2. Græðir 9

Sýni af Græði 9 var tekið í Þorlákshöfn 10. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikiörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 14 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Græði 9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	27,00	27,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,67	0,07	-0,48
Kalí (K)	5,00	4,77	-0,23	-0,91

2.3. Fjölgræði 9b

Sýni af Fjölgræði 9b var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir köfnunarefni undir leyfðum vikmörkum önnur næringarefni mældust yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Fyrirtækið sendi ekki inn andmæli vegna þessara niðurstaðna og var áburðurinn því tekinn af skrá Matvælastofnunar.

Tafla 15 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Fjölgræði 9b

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	23,60	-1,40	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,85	-0,05	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,33	-0,27	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	2,06	0,06	-0,36

2.4. Fjölmóði 3

Sýni af Fjölmóða 3 var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 16 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Fjölmóða 3

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,40	0,40	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,70	0,50	-0,48
Kalsíum (Ca)	5,40	7,39	1,99	-0,64

2.5. Fjölmóði 2

Sýni af Fjölmóða 2 var tekið í Þorlákshöfn 10. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 17 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Fjölmóða 2

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	23,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,72	0,52	-0,48
Kalsíum (Ca)	4,60	6,17	1,57	-0,64

2.6. Fjölgræðir 7

Sýni af Fjölgræði 7 var tekið í Þorlákshöfn 10. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 18 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Fjölgræði 7

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	6,10	6,51	0,41	-0,48
Kalí (K)	7,50	7,26	-0,24	-0,91

2.7. Fjölgræðir 6

Sýni af Fjölgræði 6 var tekið í Þorlákshöfn 10. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir Kalí (K) undir leyfðum vikmörkum önnur næringarefni mældust yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Fyrirtækið sendi ekki inn andmæli vegna þessara niðurstaðna og var áburðurinn því tekinn af skrá Matvælastofnunar.

Tafla 19 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Fjölgræði 6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	23,20	1,20	-1,10
Fosfór (P)	4,80	4,71	-0,09	-0,48
Kalí (K)	9,20	7,86	-1,34	-0,91
Kalsíum (Ca)	1,60	1,45	-0,15	-0,64

2.8. Græðir 8

Sýni af Græði 8 var tekið í Þorlákshöfn 10. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 20 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Græði 8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,40	0,40	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,28	0,18	-0,48
Kalí (K)	10,00	9,84	-0,16	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,00	2,45	-0,55	-0,64

2.9. Fjölgræðir 5

Sýni af Fjölgræði 5 var tekið í Þorlákshöfn 10. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir öll næringarefni í áburðinum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Tafla 21 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Fjölgræði 5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	17,00	18,10	1,10	-1,10
Fosfór (P)	6,60	6,77	0,17	-0,48
Kalí (K)	10,00	9,40	-0,60	-0,91

2.10. Græðir 1

Sýni af Græði 1 var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir kalí (K) og brennistein (S) undir leyfðum vikmörkum önnur næringarefni mældust yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Fyrirtækið sendi inn andmæli vegna þessara niðurstaðna sjá töflu 23. Mælingar fyrirtækisins gáfu gildi fyrir köfnunarefni (N) og fosfór (P) undir leyfðum vikmörkum en önnur efni voru yfir leyfðum mörkum. Því var ákveðið að senda þriðja sýnið til frekari greininga til Finnlands og fengust þar sambærilegar niðurstöður og Matvælastofnun fékk í upphafi, sjá töflu 24. Því var áburðurinn tekinn af skrá Matvælastofnunar. Sjá athugasemdir Fóðurlöndunnar aftast í skýrslunni

Tafla 22 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Græði 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	13,30	14,30	1,00	-1,10
Fosfór (P)	6,70	9,14	2,44	-0,48
Kalí (K)	15,10	11,67	-3,43	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,10	3,80	0,70	-0,64
Brennisteinn (S)	5,10	4,14	-0,96	-0,36

Tafla 23 Niðurstöður efnagreininga Fóðurlöndunnar á Græði 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	13,30	11,40	-1,90	-1,10
Fosfór (P)	6,70	4,90	-1,80	-0,48
Kalí (K)	15,10	15,00	-0,10	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,10	3,50	0,40	-0,64
Brennisteinn (S)	5,10	6,00	0,90	-0,36

Tafla 24 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar (frá EVIRA) á Græði 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	13,30	13,80	0,50	-1,10
Fosfór (P)	6,70	7,90	1,20	-0,48
Kalí (K)	15,10	13,00	-2,10	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,10	3,50	0,40	-0,64
Brennisteinn (S)	5,10	3,90	-1,20	-0,36

VI. Karki ehf.

1. Skráður áburður hjá Karka ehf

Karki hefur 5 tegundir á skrá hjá Matvælastofnun. Fyrirtækið hóf innflutning á árinu og því eru allar tegundirnar nýskráðar. Áburðurinn er fyrst og fremst ætlaður til garðyrkju.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af tveim tegundum. Öll gildi fyrir næringarefni mældust yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældis ekki yfir leyfðum mörkum. Ekki voru því gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

2.1. Blákraftur

Sýni var tekið úr 4 neytendapakkingum. Á merkingar vantaði nafn söluaðila. Kadmíum í Blákrafti mældist 16 mg/kg fosfórs, sem er vel fyrir neðan leyfð mörk. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 25 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Blákrafti

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	11,70	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	5,00	5,27	0,27	-0,48
Kalí (K)	14,00	14,87	0,87	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,50	4,04	0,54	-0,64
Brennisteinn (S)	8,00	11,60	3,60	-0,36
Magnesíum (Mg)	1,20	1,12	-0,08	-0,55

2.2. Garðkraftur

Sýni var tekið úr 4 neytendapakkingum. Á merkingar vantaði nafn söluaðila. Kadmíum í Garðkrafti mældist 31 mg/kg fosfórs, sem er vel fyrir neðan leyfð mörk. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 26 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Garðkrafti

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	11,70	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	5,00	5,17	0,17	-0,48
Kalí (K)	14,00	15,28	1,28	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,50	3,92	0,42	-0,64
Brennisteinn (S)	8,00	11,10	3,10	-0,36

VII. Skeljungur hf.

1. Skráður áburður hjá Skeljungu hf.

Skeljungur hafði 43 tegundir á skrá Matvælastofnunar. Þar af voru 7 tegundir nýskráðar eða endurskráðar á árinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af 16 áburðartegundum sem Skeljungur flytur inn. Tvö sýni voru tekin af tveim tegundum. Allar áburðartegundir sem innihalda fosfór utan Sprettur 27-6-6+5%SO₃ reyndust innihalda meira kadmíum en leyfilegt er. Því voru allar tegundir sem innihalda fosfór fyrir utan Sprett 27-6-6+5%SO₃ innkallaðar og teknar af skrá Matvælastofnunar og verður dreifing þeirra til notenda ekki heimilud fyrir en að lokinni sýnatöku Matvælastofnunar og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald.

Matvælastofnun lét mæla selen (Se) í fjórum áburðartegundum sem innihalda selen. Niðurstöðurnar sýndu frávik milli mældra gilda og skráðra. Óskað var eftir endurtekinni greiningu sem gaf sambærilegar niðurstöður. Efnagreiningastofan staðfesti einnig að hún hafi mælt allt selen í áburðinum sama á hvaða formi það var. Þar sem ágreiningur er um hvort sýnatökuaðferðin sem notuð var gefi rétta mynd af seleninnihaldi í fjölkorna áburði, hefur fyrirtækið verið krafid um nákvæmar upplýsingar um íblöndun selens í áburðinn fyrir nýskráningu hans. Þessar fjórar tegundir voru teknar af skrá á árinu vegna of mikils kadmíums í þeim.

2.1. Sprettur 27%N

Sýni var tekið 8. maí í Þorlákshöfn, annað sýni var tekið vegna annars innflutnings 25. júní á Reyðarfirði. Í báðum tilfellum sýndu mælingar Matvælastofnunar gildi fyrir köfnunarefni undir leyfðum vikmörkum. Efnagreiningar fyrirtækisins gáfu hins vegar niðurstöður yfir leyfðum vikmörkum í báðum tilfellum og eru því ekki gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 27 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 27%N, sýni frá Þorlákshöfn

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,00	-1,00	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,30	5,28	0,98	-0,64

Tafla 28 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 27%N, sýni frá Þorlákshöfn

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	28,20	1,20	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,30	4,70	0,40	-0,64
Magnesíum (Mg)	1,80	2,54	0,74	-0,55

Tafla 29 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 27%N, sýni frá Reyðarfirði

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	25,90	-1,10	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,30	5,15	0,85	-0,64

Tafla 30 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 27%N, sýni frá Reyðarfirði

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	28,00	1,00	-0,80

2.2. Sprettur 27-6-6+5%SO₃

Sýni af Spretti 27-6-6+5%SO₃ var tekið í Þorlákshöfn 8. Maí, einnig var sýni tekið á Reyðarfirði 25. Júní. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir köfnunarefni (N) í sýninu frá Þorlákshöfn undir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu öll gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Hins vegar er bent á að merking fyrir brennistein (S) getur verið villandi, því 5% SO₃ samsvarar 2% S, sem er eins og í mörgum öðrum áburðartegundum Skeljungs.

Tafla 31 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 27-6-6+5%SO₃, sýni frá Þorlákshöfn

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	25,70	-1,30	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,58	-0,02	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,15	0,15	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	2,09	0,09	-0,36

Tafla 32 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 27-6-6+5%SO₃, sýni frá Þorlákshöfn

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	27,70	0,70	-1,1
Fosfór (P)	2,60	2,48	-0,12	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,09	0,09	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	2,00	0,00	-0,36

Tafla 33 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 27-6-6+5%SO₃, sýni frá Reyðarfirði

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,73	0,13	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,60	0,60	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	1,98	-0,02	-0,36

Tafla 34 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 27-6-6+5%SO₃, sýni frá Reyðarfirði

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,73	0,13	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,60	0,60	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	1,98	-0,02	-0,36

2.3. Sprettur 26-13

Sýni af Spretti 26-13 var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum í áburðinum mældist 99 mg/kg fosfórs, sem er um tvöfalt leyfilegt magn. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur. Vörulýsingar vantaði einnig á sekkina aðeins túsíða á þá. Fyrirtækið þarf að bæta merkingar áburðarins.

Tafla 35 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 26-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,40	-0,60	-1,10
Fosfór (P)	5,70	5,80	0,10	-0,48

Tafla 36 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 26-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	26,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	5,70	5,50	-0,20	-0,48
Brennisteinn (S)	2,50	3,28	0,78	-0,36

2.4. Sprettur 26%N 9%SO₃

Sýni af Spretti 26%N 9%SO₃ var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir brennistein (S) undir leyfðum vikmörkum, gildi fyrir önnur næringarefni voru yfir leyfðum vikmörkum. Efnagreiningar fyrirtækisins sýndu öll gildi yfir leyfðum vikmörkum. Ekki eru því gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Hins vegar er bent á að merkingin 9% SO₃ getur verið villandi.

Tafla 37 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 26%N 9%SO₃

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,70	-0,30	-0,80
Kalsíum (Ca)	3,60	4,60	1,00	-0,64
Brennisteinn (S)	3,60	2,89	-0,71	-0,36

Tafla 38 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 26%N 9%SO₃

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	27,70	1,70	-0,80
Kalsíum (Ca)	3,60	3,90	0,30	-0,64
Brennisteinn (S)	3,60	3,64	0,04	-0,36
Magnesium (Mg)	1,50	2,13	0,63	-0,55

2.5. Sprettur 25-9-8

Sýni af Spretti 25-9-8 var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir kalí (K) og fosfór (P) undir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu öll gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 55 mg/kg fosfórs, sem er yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur. Vörulýsingar vantaði einnig á sekkina aðeins túsáð á þá. Fyrirtækið þarf að bæta merkingar áburðarins.

Tafla 39 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 25-9-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	26,00	1,00	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,40	-0,50	-0,48
Kalí (K)	6,60	5,29	-1,31	-0,91

Tafla 40 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 25-9-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,60	0,60	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,95	0,05	-0,48
Kalí (K)	6,60	7,23	0,63	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	2,52	0,52	-0,36

2.6. Sprettur 25-5

Sýni af Spretti 25-5 var tekið í Þorlákshöfn 13. maí. Efnagreiningar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 109 mg/kg fosfórs, sem er meira en tvöfalt yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 41 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 25-5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,80	0,80	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,15	-0,05	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	4,31	0,81	-0,64

Tafla 42 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 25-5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	26,40	1,40	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,16	-0,04	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	3,78	0,28	-0,64
Brennisteinn (S)	2,40	2,79	0,39	-0,36
Magnésíum (Mg)	1,90	2,08	0,18	-0,55

2.7. Sprettur 25-5+Av+Se

Sýni af Spretti 25-5+Av+Se var tekið í Þorlákshöfn 13. maí. Efnagreinigar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 107 mg/kg fosfórs, sem er meira en tvöfalt yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur. Vörulýsingar vantaði einnig á sekkina aðeins tússað á þá. Fyrirtækið þarf að bæta merkingar áburðarins.

Tafla 43 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 25-5+Av+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,02	-0,18	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	4,61	1,11	-0,64

Tafla 44 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 25-5+Av+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,02	-0,18	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	3,65	0,15	-0,64
Brennisteinn (S)	2,40	2,99	0,59	-0,36
Magnésíum (Mg)	1,90	2,02	0,12	-0,55

2.8. Sprettur 22-14-9

Sýni af Spretti 22-14-9 var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreinigar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 54 mg/kg fosfórs, sem er yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 45 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 22-14-9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	21,50	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	6,10	5,90	-0,20	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,71	0,41	-0,91

Tafla 46 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 22-14-9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,70	0,70	-1,10
Fosfór (P)	6,10	5,67	-0,43	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,02	-0,28	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	3,04	1,04	-0,36

2.9. Sprettur 22-10-10

Sýni af Spretti 22-10-10 var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir kalí (K) undir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu öll gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 57 mg/kg fosfórs, sem er yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 47 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 22-10-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	23,60	1,60	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,46	0,06	-0,48
Kalí (K)	8,30	7,10	-1,20	-0,91

Tafla 48 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 22-10-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,21	-0,19	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,80	0,50	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	2,82	0,82	-0,36

2.10. Sprettur 22-6-13

Sýni af Spretti 22-6-13 var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 55 mg/kg fosfórs, sem er yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 49 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 22-6-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	21,50	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,43	-0,17	-0,48
Kalí (K)	10,80	11,15	0,35	-0,91

Tafla 50 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 22-6-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	23,10	1,10	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,39	-0,21	-0,48
Kalí (K)	10,80	11,62	0,82	-0,91
Brennisteinn (S)	2,00	2,42	0,42	-0,36

2.11. Sprettur 22-7-6

Sýni af Spretti 22-7-6 var tekið í Þorlákshöfn 13. maí. Efnagreiningar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 111 mg/kg fosfórs, sem er tvöfalt yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 51 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 22-7-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	26,60	4,60	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,22	0,12	-0,48
Kalí (K)	5,00	4,78	-0,22	-0,91
Brennisteinn (S)	2,60	3,51	0,91	-0,36

Tafla 52 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 22-7-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	23,50	1,50	-1,1
Fosfór (P)	3,10	3,08	-0,02	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,35	0,35	-0,91
Brennisteinn (S)	2,60	3,18	0,58	-0,36
Magnesium (Mg)	1,60	1,65	0,05	-0,55

2.12. Sprettur 22-7-6+Se

Sýni af Spretti 22-7-6+Se var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir kalsíum (Ca) undir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu öll gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 103 mg/kg fosfórs, sem er tvöfalt yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 53 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 22-7-6+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,30	0,30	-1,10
Fosfór (P)	3,10	2,98	-0,12	-0,48
Kalí (K)	5,00	4,58	-0,42	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,90	2,17	-0,73	-0,64

Tafla 54 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 22-7-6+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,90	0,90	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,21	0,11	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,32	0,32	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,90	3,08	0,18	-0,64
Brennisteinn (S)	2,60	3,51	0,91	-0,36
Magnesium (Mg)	1,60	1,72	0,12	-0,55

2.13. Sprettur 20-10-10+Av+Se

Sýni af Spretti 20-10-10+Av+Se var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 104 mg/kg fosfórs, sem er tvöfalt yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 55 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 20-10-10+Av+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,26	-0,14	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,56	0,26	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,23	-0,27	-0,36

Tafla 56 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 20-10-10+Av+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	21,00	1,00	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,22	-0,18	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,71	0,41	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	3,60	1,10	-0,36

2.14. Sprettur 20-12-8+Se

Sýni af Spretti 20-12-8+Se var tekið í Þorlákshöfn 13. maí. Efnagreiningar sýndu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 103 mg/kg fosfórs, sem er tvöfalt yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Tafla 57 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 20-12-8+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	23,60	3,60	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,23	0,03	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,38	-0,22	-0,91

Tafla 58 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 20-12-8+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	21,10	1,10	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,14	-0,06	-0,48
Kalí (K)	6,60	7,37	0,77	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	3,47	0,97	-0,36

2.15. Sprettur 16-15-12

Sýni af Spretti 16-15-12 var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir brennistein (S) undir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu öll gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 61 mg/kg fosfórs, sem er yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur

Tafla 59 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 16-15-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,00	17,00	1,00	-1,10
Fosfór (P)	6,50	7,00	0,50	-0,48
Kalí (K)	10,00	10,35	0,35	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,10	-0,40	-0,36

Tafla 60 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 16-15-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,00	17,00	1,00	-1,10
Fosfór (P)	6,50	6,45	-0,05	-0,48
Kalí (K)	10,00	10,29	0,29	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,78	0,28	-0,36

2.16. Sprettur 12-12-20+B+Avail

Sýni af Spretti 12-12-20+B+Avail var tekið í Þorlákshöfn 8. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir kalí (K), kalsíum (Ca) og brennistein (S) undir leyfðum vikmörkum, kalsíum (Ca) var einnig undir leyfðum vikmörkum hjá efnagreiningum fyrirtækisins, en aðrar mælingar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 54 mg/kg fosfórs, sem er yfir leyfilegum mörkum. Áburðurinn er því tekinn af skrá Matvælastofnunar og verður ekki leyfilegt að dreifa honum til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum sem sýna að áburðurinn stenst kröfur

Tafla 61 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Spretti 12-12-20+B+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	13,90	1,90	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,53	0,33	-0,48
Kalí (K)	16,60	14,49	-2,11	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,40	2,18	-1,22	-0,64
Brennisteinn (S)	7,80	7,32	-0,48	-0,36

Tafla 62 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Spretti 12-12-20+B+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	12,60	0,60	-1,1
Fosfór (P)	5,20	5,06	-0,14	-0,48
Kalí (K)	16,60	17,35	0,75	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,40	1,66	-1,74	-0,64
Brennisteinn (S)	7,80	8,80	1,00	-0,36

VIII. Sláturfélag Suðurlands svf.

1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands svf.

Sláturfélag Suðurlands svf er með 54 áburðartegundir á skrá Matvælastofnunar, þar ef voru 10 tegundir skráðar á árinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af sjö tegundum sem Sláturfélag Suðurlands flyturinn. Matvælastofnun gerði athugasemdir við efnainnihald tveggja tegunda, en efnagreiningarniðurstöður fyrirtækisins voru yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældis ekki yfir leyfðum mörkum. Ekki voru því gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

2.1. Opti Kas 27-0-0

Sýni af Opti Kas 27-0-0 var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir köfnunarefni (N) undir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Efnagreining fyrirtækisins gaf gildi yfir leyfðum vikmörkum. Því eru ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 63 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á Opti Kas 27-0-0

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	25,80	-1,20	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,00	5,55	0,55	-0,64

Tafla 64 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á Opti Kas 27-0-0

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,94	-0,06	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,00	5,55	0,55	-0,64
Magnésíum (Mg)	2,40	3,06	0,66	-0,55

2.2. NP 26-6

Sýni af NP 26-6 var tekið í Þorlákshöfn 7. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir köfnunarefni (N) undir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Efnagreining fyrirtækisins gaf gildi yfir leyfðum vikmörkum. Því eru ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Merkingar áburðarins voru afmáðar og ólæsilegar, því voru fylgiseðlar sendir með öllum sendingum til bænda. Fyrirtækið þarf að bæta merkingu áburðarins.

Tafla 65 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á NP 26-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	23,50	-2,50	-1,10
Fosfór (P)	6,10	6,80	0,70	-0,48
Kalsíum (Ca)	1,90	2,73	0,83	-0,64
Brennisteinn (S)	2,00	2,45	0,45	-0,36

Tafla 66 Niðurstöður efnagreininga fyrirtækisins á NP 26-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,29	-0,71	-1,10
Fosfór (P)	6,10	6,80	0,70	-0,48
Kalsíum (Ca)	1,90	2,73	0,83	-0,64
Brennisteinn (S)	2,00	2,45	0,45	-0,36

2.3. NPK 25-2-6

Sýni af NPK 25-2-6 var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 28 mg/kg fosfórs. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald og merkingar áburðarins.

Tafla 67 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á NPK 25-2-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	24,60	23,60	-1,00	-1,10
Fosfór (P)	1,60	1,91	0,31	-0,48
Kalí (K)	5,60	6,18	0,58	-0,91
Brennisteinn (S)	3,80	4,04	0,24	-0,36

2.4. NPK 24-4-7

Sýni af NPK 24-4-7 var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 18 mg/kg fosfórs. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald og merkingar áburðarins.

Tafla 68 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á NPK 24-4-7

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	24,00	23,10	-0,90	-1,10
Fosfór (P)	3,90	4,18	0,28	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,89	0,29	-0,91

2.5. NPK 21-4-10

Sýni af NPK 21-4-10 var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 18 mg/kg fosfórs. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald og merkingar áburðarins.

Tafla 69 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á NPK 21-4-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,60	20,30	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	3,60	3,72	0,12	-0,48
Kalí (K)	9,60	9,48	-0,12	-0,91
Brennisteinn (S)	2,70	2,73	0,03	-0,36

2.6. NPK 21-3-8+Se

Sýni af NPK 21-3-8+Se var tekið í Þorlákshöfn 8. apríl. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 31 mg/kg fosfórs. Selen mældist í sambærilegu magni og gefið er upp. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald og merkingar áburðarins.

Tafla 70 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á NPK 21-3-8+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	21,00	20,20	-0,80	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,65	0,05	-0,48
Kalí (K)	8,30	9,09	0,79	-0,91
Brennisteinn (S)	3,60	3,53	-0,07	-0,36
Selen (Se) mg/kg	10,00	11,50	1,50	

2.7. NPK 15-7-12

Sýni af NPK 15-7-12 var tekið í Þorlákshöfn 7. maí. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum, en aðrar mælingar gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist ekki. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Merkingar áburðarins voru afmáðar og ólæsilegar, því voru fylgiseðlar sendir með öllum sendingum til bænda. Fyrirtækið þarf að bæta merkingu áburðarins.

Tafla 71 Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar á NPK 15-7-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	15,00	15,60	0,60	-1,10
Fosfór (P)	6,50	7,41	0,91	-0,48
Kalí (K)	12,50	13,77	1,27	-0,91
Kalsíum (Ca)	4,00	5,37	1,37	-0,64

IX. Innfluttur áburður á árinu

Hér verður gerð grein fyrir þeim tegundum áburðar sem fluttur var inn árið 2013. Alls voru fluttar inn 246 tegundir áburðar og jarðvegsbætandi efna af 26 fyrirtækjum alls 50.516 tonn, endursend voru 571 tonn mismunur 49.945 tonn. Nýskráðar eða endurskráðar áburðartegundir á árinu voru 80 og bera þær númer frá 2172 til 2252, en á árinu 2012 voru þær 107 (2065-2171). Hlutföll aðalnæringarefnanna köfnunarefnis (N) fosfórs (P) og kalís (K) eru gefin upp sem % hrein efni af þunga.

1. Bananar ehf.

Fyrirtækið Bananar ehf. flutti inn 5 áburðartegundir á árinu. Af þeim voru allar nema ein nýskráðar.

Tafla 72 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Bananar ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2203	59307, N-xt Terra 7, NP18-6 S B ZN Nitr	17,7	6,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2024	Foliar	17,7	0,1	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2202	09120001, Fertilital	9,6	5,4	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2200	59104, N-xt Ferti1, N9 Ca B Zn	9,0	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2201	59207 N-xt Folium 7, NKS	3,0	0,0	20,8	Ólífrænn áburðarvökvi

2. Bauhaus Ísland ehf.

Bauhaus flutti inn eina áburðartegund á árinu

Tafla 73 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Bauhaus Ísland ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2140	VitaGro Garden	11,5	0,8	12,5	Ólífrænn hrærður áburður

3. Bergdal ehf.

Bergdal ehf. flutti inn 3 tegundir af blómanæringu á árinu.

Tafla 74 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Bergdal ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1409	Substral áburðarpinnar f. bl..stofublóm	10,0	10,0	10,0	Blómanæring
1239	Substral áburðarpinnar fyrir stofublóm	10,0	2,0	7,0	Blómanæring
1408	Substral kaktusnæring f. Stofublóm	3,0	5,0	7,0	Blómanæring

4. Bláa lónið hf.

Bláa lónið hf. flutti inn eina tegund af áburði á árinu.

Tafla 75 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Bláa lónið hf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1399	Cell- hi WP	50,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður

5. Blómaval

Blómaval flutti inn eina tegund af lífrænum áburðarvökva á árinu.

Tafla 76 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Blómaval

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1003	ALLGROW	14,0	5,0	15,0	Lífrænn áburðarvökvi

6. Bu.is ehf.

Bú ehf flutti inn eina tegund og var hún nýskráð á árinu.

Tafla 77 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Bu.is ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2231	N-27 + S	27,0	0,0	0,0	Köfnunarefnisáburður

7. Búvís ehf.

Búvís ehf. flutti inn 11 tegundir af áburði á árinu. Af þeim voru 6 nýskráðar.

Tafla 78 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Búvís ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2099	Kraftur 34	34,4	0,0	0,0	Köfnunarefnisáburður
2091	Völlur 30-5+S	30,0	2,0	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
2206	Völlur 28-7-6+Ss	27,5	2,5	5,0	Ólífrænn hrærður áburður
2187	Kraftur 27	27,0	0,0	0,0	Ólífrænn eingildur áburður
2186	Kraftur 27+S	27,0	0,0	0,0	Ólífrænn eingildur áburður
2205	Völlur 27-12+S	26,5	5,0	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
2094	Völlur 26-6-6+S	26,0	2,5	4,9	Ólífrænn hrærður áburður
2097	Völlur 23-7-12+S	23,0	3,0	10,0	Ólífrænn hrærður áburður
2188	Völlur 20-10--10+S	20,2	4,1	8,0	Ólífrænn blandaður áburður
2092	Völlur 17-15-15+S	16,5	6,4	12,0	Ólífrænn hrærður áburður
2207	Garðakorn	15,0	5,6	12,5	Ólífrænn hrærður áburður

8. Espiflöt ehf.

Espiflöt ehf. flutti inn eina tegund af blómanæringu og var hún nýskráð.

Tafla 79 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Espiflöt ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2215	Flowerfood	0,0	0,0	0,0	Blómanæring

9. Fóðurblandan hf.

Fóðurblandan ehf. flutti inn 14 áburðartegundur og 2 tegundir af jarðvegsbætandi efni. Af þeim var annað jarðvegsbætandi efnið nýskráð.

Tafla 80 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Fóðurblandan hf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1673	Græðir 9	27,0	2,6	5,0	Ólífrænn blandaður áburður
1644	Magni 1	27,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1995	Magni S	27,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1783	Fjölgræðir 9b	25,0	3,6	6,6	Ólífrænn hrærður áburður
1845	Fjölmóði 3	25,0	2,2	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
1846	Fjölmóði 2	23,0	5,2	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
1848	Græðir 8 22-7-12	22,0	3,1	10,0	Ólífrænn blandaður áburður
1849	Fjölgræðir 6	22,0	4,8	9,2	Ólífrænn hrærður áburður
1847	Fjölgræðir 7	22,0	6,1	7,5	Ólífrænn hrærður áburður
1641	Græðir 6	20,0	4,4	8,3	Ólífrænn blandaður áburður
1850	Fjölgræðir 5	17,0	6,6	10,0	Ólífrænn hrærður áburður
2089	Græðir 1	13,3	6,7	15,1	Ólífrænn hrærður áburður
1427	Turbokalk	3,6	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1643	Kornað Kalk	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
2213	Rhizobium trifoli	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
1104	Borax	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn eingildur áburður

10. Frjó ehf.

Frjó ehf. flutti inn á árinu 10 áburðategundir og eina tegund af jarðvegsbætandi efni. Tvær af þessum áburðartegundum voru nýskráðar.

Tafla 81 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Frjó ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1433	Superex Plant	19,0	4,4	20,2	Ólífrænn blandaður áburður
2171	Ducanit Calcium Nitrate	16,0	0,0	0,0	Köfnunarefnisáburður
1514	Mosaeyðir	14,8	0,0	9,7	Ólífrænn blandaður áburður
1171	Kalíumnítrat	13,0	0,0	38,0	Ólífrænn blandaður áburður
1432	Superex Peat	12,0	4,7	27,1	Ólífrænn blandaður áburður
1417	Flower Suprex	11,2	3,3	26,3	Ólífrænn blandaður áburður
1431	Superex Vegetable	9,2	4,5	30,8	Ólífrænn blandaður áburður
1670	Superex - Lambhagi herbs	8,7	4,8	26,4	Ólífrænn hræður áburður
2209	Bargödsel	5,0	3,9	15,0	Ólífrænn áburðarvökvi
1984	Calcium Granular (Dolomitkalk)	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
2191	Potassium Chloride 99%	0,0	0,0	52,0	Ólífrænn blandaður áburður

11. Gróðurvörur ehf.

Gróðurvörur ehf. fluttu inn 4 tegundir af áburði. Ein af þessum tegundum var nýskráð á árinu.

Tafla 82 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Gróðurvörur ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1028	PotassiumNitrate	13,5	0,0	37,4	Ólífrænn blandaður áburður
1910	Pioner Basis A 7-5-30 + Mg + TE	7,2	5,0	30,0	Ólífrænn blandaður áburður
2185	Magnesium Sulphate 16+32	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1459	Pioner Ironchelate 6%	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður

12. Grænn Markaður ehf.

Grænn Markaður ehf. flutti inn eina tegund af blómanæringu.

Tafla 83 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Grænn Markaður ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1004	Bell Fleur	0,0	0,0	0,0	Blómanæring

13. Grastec ehf.

Grastec ehf. flutti inn 20 áburðartegundir og 5 tegundir af jarðvegsbætandi efni. 4 tegundir af áburðinum voru nýskráðar.

Tafla 84 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Grastec ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1657	Sportmaster (Landscape) CPR	26,0	2,2	9,1	Ólífrænn blandaður áburður
2210	TC5	22,0	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2196	ProTurf21	21,0	2,2	5,0	Ólífrænn blandaður áburður
1897	Sportmaster CRF Mini Start	19,0	8,3	4,1	Ólífrænn blandaður áburður
2193	ProTurf18	18,0	0,0	2,8	Ólífrænn blandaður áburður
1653	Sierraform GT Preseeder	18,0	9,6	4,2	Ólífrænn blandaður áburður
1895	Sierraform GT Spring Start	16,0	0,0	13,3	Ólífrænn blandaður áburður
1733	Ferrasol	15,0	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2194	ProTurf15	15,0	2,2	12,4	Ólífrænn blandaður áburður
1652	Sierraform GT Anti Stress	15,0	0,0	21,6	Ólífrænn blandaður áburður
1896	Sportmaster Municipal	15,0	2,2	12,4	Ólífrænn blandaður áburður
1526	Greenmaster-ProLite Zero P	14,0	0,0	8,3	Ólífrænn blandaður áburður
2005	Greenmaster Liquid S&S	12,0	1,7	5,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2192	ProTurf12	12,0	2,2	16,6	Ólífrænn blandaður áburður
2007	Greenmaster Liquid High NK	10,0	0,0	8,3	Ólífrænn áburðarvökvi
1660	Greenmaster ProLite Autumn	6,0	2,2	9,1	Ólífrænn blandaður áburður
1660	Greenmaster ProLite Autumn	6,0	2,2	9,1	Ólífrænn blandaður áburður
1944	Sierraform GT K-step	6,0	0,0	22,4	Ólífrænn blandaður áburður
2006	Greenmaster Liquid High K	3,0	1,3	8,3	Ólífrænn áburðarvökvi
1806	Greenmaster Liquid	1,5	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
1779	Dispatch	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
2107	Humate AG 1635	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
1781	Primer Select	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
1776	Revolution	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
1777	Revolution korn	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni

14. Innigarðar ehf.

Innigarðar ehf. fluttu inn 1 tegund af jarðvegsbætandi efni og 36 tegundir af blómanæringu. Af þeim er 1 nýskráð.

Tafla 85 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Innigarðar ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1953	Flora Nova Grow	7,0	4,0	10,0	Blómanæring
1574	B'cuzz Coco Nutrition A	6,0	0,0	6,0	Lífrænn áburðarvökvi
1572	B'cuzz Hydro Nutrition A	6,0	0,0	6,0	Lífrænn áburðarvökvi
2106	Rootbastic	4,6	7,7	4,1	Blómanæring
1609	Flora Micro	4,0	0,0	1,0	Blómanæring
1954	Flora Nova Bloom	4,0	8,0	7,0	Blómanæring
1608	Flora Gro	2,0	1,0	7,0	Blómanæring
1832	Terra Max	2,0	1,0	3,0	Blómanæring
1575	B'cuzz Coco Nutrition B	1,0	5,0	6,0	Lífrænn áburðarvökvi
1573	B'cuzz Hydro Nutrition B	1,0	5,0	6,0	Lífrænn áburðarvökvi
2230	Blossom Builder Liquid	0,1	26,6	31,8	Jarðvegsbætandi efni
1834	Bloombastic	0,1	8,0	18,0	Blómanæring
1551	Hydro Booster (ind.)	0,1	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
1619	Bio Bloom	0,0	0,0	0,0	Blómanæring
1618	Bio Roots	0,0	0,0	0,0	Blómanæring
1616	Diamond Nectar	0,0	0,0	0,0	Blómanæring
1610	Flora Bloom	0,0	5,0	4,0	Blómanæring
1614	Ripen	0,0	6,0	5,0	Blómanæring
1557	ATA-XL	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
1555	Atazyme	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
1552	Bloom stimulator	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
1561	Coco Bloom Stimulator	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
1559	Coco Booster	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
2028	GO BioBud	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
2029	GO BioRoot Plus	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
1556	Root stimulator	0,0	0,0	0,0	Lífrænn áburðarvökvi
1562	PK 13-14	0,0	17,0	18,0	Ólífrænn áburðarvökvi

15. Karki ehf.

Karki ehf. nýskráði og flutti inn 3 tegundir af áburði.

Tafla 86 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Karki ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2212	Kalksaltþétur N15,5 / Ca18	15,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
2184	Blákraftur	12,0	5,0	14,0	Ólífrænn blandaður áburður
2189	Garðkraftur	12,0	5,0	14,0	Ólífrænn blandaður áburður

16. Landstólpi ehf.

Landstólpi flutti inn 9 áburðartegundir og 1 tegund af jarðvegsbætandi efni. Ein þessara tegunda var nýskráð.

Tafla 87 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Landstólpi ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2143	59314, N-xt Terra 14, NP24-1 S Se Nitr.	23,7	0,8	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2132	59321 N-xt Terra 21, NP22-2 S Mg B Nitr	21,7	2,1	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2147	59205, N-xt Folium 5, NPK 18-0-3 Mg Zn B	17,8	0,0	3,1	Ólífrænn áburðarvökvi
2148	59201, N-Xt Folium 1, N18 Ca Mg Mn	17,7	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2208	59208 N-xt Folium 8,	17,7	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2131	59307 N-xt Terra 7, NP 18-6 S B Zn Nitr	17,7	6,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2135	59308 N-xt Terra 8, NP 18-6 S B Zn Se Nitr	17,7	6,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2129	59104, N-xt Ferti 1 N9 Ca B Zn	9,0	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
2152	59102 N-xt Ferti, FertiVital Seed	2,1	8,7	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
1527	Kultur för klöver	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni

17. Lífland ehf.

Lífland flutti inn þrjár tegundir köfnunarefnisbindandi rótarbaktería fyrir belgjurtir á árinu. Þær eru taldar með jarðvegsbætandi efna þar sem þær binda köfnunarefni úr andrúmsloftinu fyrir plönturnar.

Tafla 88 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Lífland ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1709	Örverur fyrir ertur	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
1709	Örverur fyrir ertur	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
1407	Örverur fyrir smára	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni

18. MHG ehf.

MHG ehf. flutti inn 4 áburðartegundir á árinu. Ein tegundin var nýskráð.

Tafla 89 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu MHG ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2216	AG18018	18,0	0,0	18,0	Ólífrænn blandaður áburður
1952	AH1239	12,0	3,0	9,0	Ólífrænn hrærður áburður
1153	BSH7	11,0	10,0	5,0	Ólífrænn blandaður áburður
1951	AH1155	11,0	5,0	5,0	Ólífrænn hrærður áburður

19. Nathan & Olsen hf.

Nathan & Olsen hf. flutti inn 4 tegundir af blómanæringu á árinu.

Tafla 90 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Nathan & Olsen hf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1409	Substral áburðarpinnar f. bl..stofublóm	10,0	10,0	10,0	Blómanæring
1239	Substral áburðarpinnar fyrir stofublóm	10,0	2,0	7,0	Blómanæring
1825	Substral orkideunæring	4,0	2,0	6,6	Blómanæring
1408	Substral kaktusnæring f. Stofublóm	3,0	5,0	7,0	Blómanæring

20. NPK ehf.

NPK ehf. flutti inn 24 áburðartegundir á árinu.

Tafla 91 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu NPK ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2155	Power Basic 20-10+7 SO3	20,0	4,4	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
1746	Ammoniumnitrate 18%N fljótandi	18,0	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
1745	Calcium Nitrate	15,5	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1962	Pioner NPK Makro 14- 3-23+Mg blá	14,0	2,9	22,4	Ólífrænn blandaður áburður
1740	Potassium Nitrate	13,4	0,0	38,2	Ólífrænn blandaður áburður
1862	Magnesium Nitrate	10,7	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1990	Pioner Basis NPK 11-4-28+Mg+Mikro Gul	10,5	4,4	27,9	Ólífrænn blandaður áburður
1958	Calcium Nitrate-solution 51%	8,7	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
1965	Pioner NPK Makro 9-5-30 + Mg rod	8,7	4,5	29,9	Ólífrænn blandaður áburður
2115	Pioner Basis NPK 8-5-30+Mg+Mikro	7,8	5,0	30,0	Ólífrænn blandaður áburður
1967	Pioner Basis NPK 6-4-30 + Mg + Mikro Tomat	6,3	4,0	30,0	Ólífrænn blandaður áburður
1987	Pioner Mikro Plus med jern	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn áburðarvökvi
1986	RESISTIM 0-7-11	0,0	7,2	11,6	Ólífrænn áburðarvökvi
2016	Calcium Chloride flakes	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
2031	Dolokal Supra 19% MgO	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1749	Ironchelate DTPA 6% Fe	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1742	Magnesium Sulphate Heptahydrat Bitterzout	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1751	Manganese Sulphate Monohydrate	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1741	Monopotassiumphosphate (MKP)	0,0	22,6	28,2	Ólífrænn blandaður áburður
	Potassium Sulphate	0,0	0,0	42,3	Ólífrænn blandaður áburður
1744	Potassiumphosphite 50%	0,0	13,0	16,6	Ólífrænn blandaður áburður
1994	Kaliumbikarbonat	0,0	0,0	39,0	Ólífrænn eingildur áburður
1988	Pioner Jernchelate 6% EDDHA	0,0	0,0	0,0	Ólífrænn eingildur áburður
1743	Potassium Chloride	0,0	0,0	51,8	Ólífrænn eingildur áburður

21. Planta ehf.

Planta ehf. flutti inn 40 tegundir af blómanæringu og 1 af jarðvegsbætandi efni. 9 tegundir voru nýskráðar á árinu.

Tafla 92 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Planta ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1869	Atami A	6,3	0,1	5,0	Blómanæring
2223	Cann Aqua Vega B	6,0	2,8	6,9	Blómanæring
2222	Canna Aqua Vega A	6,0	2,8	6,9	Blómanæring
1941	GHE Flora Micro	5,1	0,0	1,4	Blómanæring
2228	Canna Coco A	5,0	4,0	3,0	Blómanæring
2229	Canna Coco B	5,0	4,0	3,0	Blómanæring
2225	Canna Aqua Flores A	4,1	4,2	9,2	Blómanæring
2227	Canna Aqua Flores B	4,1	4,2	9,2	Blómanæring
2056	Connoisseur A	4,0	0,0	3,3	Blómanæring
2043	Sensi Bloom A	4,0	0,0	3,3	Blómanæring
1942	GHE Flora Gro	3,4	0,8	8,4	Blómanæring
2045	Sensi Grow A	3,0	0,0	0,0	Blómanæring
1909	Ata Terra Max	2,6	0,4	2,6	Blómanæring
2034	B-52	2,0	0,4	2,8	Blómanæring
2046	Sensi Grow B	2,0	0,9	4,2	Blómanæring
2055	Connoisseur B	1,0	2,2	5,0	Blómanæring
2042	Overdrive	1,0	2,2	3,3	Blómanæring
2044	Sensi Bloom B	1,0	2,2	5,0	Blómanæring
1865	Atami B	1,0	2,0	6,2	Blómanæring
1907	Ata Booster Indi	0,7	0,1	0,2	Blómanæring
1906	Atami Biostimulator	0,6	7,7	14,7	Blómanæring
2221	Rhizotonic	0,6	0,2	0,0	Blómanæring
1940	GHE Ripen	0,4	2,9	5,2	Blómanæring
1868	Atami PK 13-14	0,2	6,7	12,2	Blómanæring
1870	Atami Ata - Clean	0,1	12,4	9,5	Blómanæring
1864	Atami Ata XL	0,1	0,7	1,3	Blómanæring
1866	Atami Atazyme	0,1	0,1	0,2	Blómanæring
1867	Atami Bloombastic	0,1	7,7	17,6	Blómanæring
1863	Atami Root stimulator	0,1	0,1	0,2	Blómanæring
2023	GHE Daimond Nectar	0,1	0,1	0,1	Blómanæring
2023	GHE Daimond Nectar	0,1	0,1	0,1	Blómanæring
2033	Big Bud	0,0	0,4	2,5	Blómanæring
2036	Bud Candy	0,0	0,0	0,0	Blómanæring
2037	Bud factor X	0,0	0,0	0,0	Blómanæring
2038	Bud ignitor	0,0	0,4	1,7	Blómanæring
2226	Canna PK 13-14	0,0	13,0	14,0	Blómanæring
2217	Cannazym	0,0	1,7	0,1	Blómanæring
2039	Final phase	0,0	0,0	0,0	Blómanæring
1943	GHE Flora Bloom	0,0	3,0	3,7	Blómanæring
2047	Wet Betty	0,0	0,0	0,8	Blómanæring

2232	Canna Boost	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
------	-------------	-----	-----	-----	----------------------

22. Samasem ehf.

Samasem ehf. flutti inn 1 tegund blómanæringarog eina tegund af áburði.

Tafla 93 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Samasem ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1306	Spring blaðglans	0,0	0,0	0,0	Blómanæring
1445	Maxicrop Seaweed Extract	0,7	0,9	2,5	Lífrænn áburður

23. Skeljungur hf.

Skeljungur hf. flutti inn 23 áburðartegundir og eina tegund jarðvegsbætandi efna á árinu. Af þeim voru 7 nýskráðar.

Tafla 94 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Skeljungur hf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1388	Sprettur 27 % N	27,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
2079	Sprettur 27-6-6	27,0	2,6	5,0	Ólífrænn blandaður áburður
2177	Sprettur 27-6	27,0	2,6	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1843	Sprettur N 26 + S	26,0	0,0	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
2078	Sprettur 26-13	26,0	5,7	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
2175	Sprettur 25-9-8	25,0	3,9	6,6	Ólífrænn blandaður áburður
2075	Sprettur 25-5	25,0	2,2	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
2076	Sprettur 25-5+Avail+Se	25,0	2,2	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
2077	Sprettur 23-12	23,0	5,2	0,0	Ólífrænn hrærður áburður
2173	Sprettur 22-6-13	22,0	2,6	10,8	Ólífrænn blandaður áburður
2176	Sprettur 22-10-10	22,0	4,4	8,3	Ólífrænn blandaður áburður
2074	Sprettur 22-7-6	22,0	3,1	5,0	Ólífrænn hrærður áburður
2084	Sprettur 22-7-6+Se	22,0	3,1	5,0	Ólífrænn hrærður áburður
2174	Sprettur 22-14-9	22,0	6,1	7,5	Ólífrænn hrærður áburður
2069	Sprettur 20-5-13+Avail	20,0	2,2	10,8	Ólífrænn hrærður áburður
2070	Sprettur 20-10-10	20,0	4,4	8,3	Ólífrænn hrærður áburður
2072	Sprettur 20-12-8	20,0	5,2	6,6	Ólífrænn hrærður áburður
2083	Sprettur 20-10-10+Avail	20,0	4,4	8,3	Ólífrænn hrærður áburður
2172	Sprettur 20-10-10+Avail+Selen	20,0	4,4	8,3	Ólífrænn hrærður áburður
2109	Sprettur DAP	18,0	20,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
2067	Sprettur 16-13-16+Avail	16,0	5,7	13,3	Ólífrænn hrærður áburður
2068	Sprettur 16-15-12	16,0	6,5	10,0	Ólífrænn hrærður áburður
2190	Sprettur 12-12-20+Avail+Bór	12,0	5,2	16,6	Ólífrænn hrærður áburður
2102	Sprettur Calciprill	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni

24. Sláturfélag Suðurlands svf.

Sláturfélag Suðurlands sf. flutti inn 15 áburðartegundir og 2 tegundir jarðvegsbætandi efna á árinu. Af þeim eru 3 tegundir nýskráðar.

Tafla 95 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Sláturfélag Suðurlands svf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1981	YaraBela OPTI-NS 27-0-0(4S)	27,0	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1173	OPTI-KAS TM (N27)	27,0	0,0	0,0	Ólífrænn eingildur áburður
2181	NP 26-6	26,0	6,1	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1983	NPK 25-2-6	24,6	1,6	5,6	Ólífrænn blandaður áburður
1484	NPK 24-4-7	24,0	3,9	6,6	Ólífrænn blandaður áburður
1265	NPK 21-3-8 + Se	21,0	2,6	8,3	Ólífrænn blandaður áburður
1179	NPK 21-4-10	20,6	3,6	9,6	Ólífrænn blandaður áburður
1975	YaraLiva CalciNit	15,5	0,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1174	Kalksaltpétur (N15,5)	15,5	0,0	0,0	Ólífrænn eingildur áburður
2220	Arena Turf Royale	15,0	2,0	8,2	Ólífrænn blandaður áburður
2180	YaraMila NPK 15-7-12	15,0	6,5	12,5	Ólífrænn blandaður áburður
2065	YaraMila fullgjödsel 12-4-18	11,8	4,0	17,6	Ólífrænn blandaður áburður
2065	YaraMila fullgjödsel 12-4-18	11,8	4,0	17,6	Ólífrænn blandaður áburður
1603	Arena Green plus	10,0	1,0	10,0	Ólífrænn blandaður áburður
2211	Agri Brentkalk VK	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni
1978	OPTI-P 0-20-0	0,0	20,0	0,0	Ólífrænn blandaður áburður
1267	Grovdolomitt, standard	0,0	0,0	0,0	Jarðvegsbætandi efni

25. Steindir ehf.

Steindir ehf fluttu inn 5 áburðartegundir á árinu.

Tafla 96 Innfluttar áburðartegundir 2013 af fyrirtækinu Steindir ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
2144	Giva Ravinne	7,0	1,3	5,0	Blómanæring
2145	Giva Rose	7,0	3,0	11,0	Ólífrænn hrærður áburður
2146	Giva RHODO	5,0	3,0	8,0	Ólífrænn blandaður áburður
2149	Giva Orkidé	4,0	3,0	5,0	Blómanæring
2150	pH Balans	0,0	0,0	0,0	Blómanæring

26. Umhverfissvörur ehf.

Umhverfissvörur ehf fluttu inn eina tegund af áburði á árinu.

Tafla 97 Innflutt áburðartegund 2013 af fyrirtækinu Umhverfissvörur ehf.

Númer	Áburðarheiti	N	P	K	Tegund
1003	ALLGROW	14,0	5,0	15,0	Lífrænn áburðarvökvi

X. Innlend áburðarframleiðsla

1. Innlend áburðarframleiðsla

Þrettán fyrirtæki eru á skrá Matvælastofnunar sem framleiða áburð og jarðvegsbætandi efni á Íslandi. Fyrst og fremst er um áburð úr lífrænum efnum að ræða. Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir þessum fyrirtækjum og hvaða áburð þau framleiða.

1.1. Orkugerðin ehf.

Orkugerðin ehf. framleiðir kjötmjöl sem má nota sem áburð með ákveðnum skilyrðum sem tekin eru fram í Reglugerð 108/2010 um meðferð og nýtingu á slátur og dýraleifum.

Áburðurinn er seldur undir heitinu Gróandi.

1.2. Guðjón D Gunnarsson

Guðjón D Gunnarsson framleiðir lífrænun áburðarvökva unninn úr þangmjöli. Framleiðslan er ætluð sem blómaáburður.

1.3. Haustak hf.

Haustak hf. er fiskvinnslufyrirtæki, aukaafurðir úr fiskinum afhendir fyrirtækið til áburðarnota. Fyrirtækið var skráð sem áburðarfyrirtæki á árinu

1.4. Íslenska Gámafélagið Gufunesi

Íslenska Gámafélagið í Gufunesi framleiðir moltu m.a. úr heimilisúrgangi. Fyrirtækið hefur fengið rekstrarleyfi fyrir starfsemi sína.

1.5. Gámapjónustan

Gámapjónustan framleiðir moltu m.a. úr heimilisúrgangi. Fyrirtækið hefur fengið rekstrarleyfi fyrir starfsemi sína að Berghellu 1 í Hafnarfirði.

1.6. Íslenska Kalkpörungafélagið ehf.

Íslenska Kalkpörungafélagið ehf. framleiðir áburðarkalk og jarðvegsbæti úr kalkpörungum.

1.7. Molta ehf.

Molta ehf. framleiðir moltu m.a. úr aukaafurðum dýra.



1.8. NorðurBragð

NorðurBragð framleiðir fiskmeltur sem áburð og selur undir heitinu vallarslóg.

1.9. Skinney – Þinganes

Skinney – Þinganes framleiðir 3 gerðir áburðar og jarðvegsbætandi efni úr sjávarfangi sem notað er í takmörkuðu mæli. Um er að ræða eftirfarandi afurðir:

1. Beinahakk úr fiski
2. Fiskslóg
3. Humarskeljahakk

1.10. Sorpa Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins

Sorpa framleiðir moltu úr margvíslegum plöntuúrgangi.

1.11. Spretta ehf.

Spretta ehf. framleiðir og pakkar þurrkuðum hæsnaskít til áburðar.

1.12. Ylfur ehf.

Ylfur ehf. framleiðir lífrænan áburð

1.13. Þórduna ehf.

Þórduna ehf. framleiðir ólífræna blómanæringu, sem kallast Græna þruman.

1.14. Þörungaverksmiðjan

Þörungaverksmiðjan framleiðir þörungamjöl til áburðar.

XI. Athugasemdir frá fyrirtækjum

Sýni voru tekin af áburðartegundum hjá níu innflytjendum á árinu. Þessum innflytjendum var sendur sá hluti skýrslunnar sem fjallaði um niðurstöður eftirlitsins hjá hverjum og einum þeirra. Fyrirtækjunum var gefinn frestur til andmæla eða koma á framfæri athugasemdum vegna þess sem fram kemur í skýrslunni. Að auki voru þau upplýst um niðurstöður efnagreininga áburðarsýna strax og þau lágu fyrir um mitt ár.

1. Athugasemdir frá Fóðurlöndunni

Fóðurblandan gerir eftirfarandi athugasemdir við efnamælingar á Græði 1:

Eins og við ræddum um þegar við hittumst síðast þá er um við ekki sáttir við niðurstöðuna varðandi efnagreiningar á Græði 1. Við vorum viðstaddir sýnatökuna og þar var rétt að staðið, tekið sýni úr 40 stórsekkjum, 40 spjót og áburðarsýnin sett í stóran plastpoka. Varðandi meðferð safnsýnisins getum við ekkert fullyrt, því við gátum ekki fylgst með því.

Niðurstöður mælinganna voru á þann veg að það mældist alltof mikið af köfnunarefni og fosfór, en áburðurinn féll vegna vöntunar á kalí, og þar af leiðandi einnig vöntunar á brennisteini sem kemur úr kalíinu. Fosfórinn fór reyndar 36 % yfir skráða gildið.

Í endurmælingu þar sem við sendum systursýni á viðurkennda rannsóknarstofu, þá ber svo við að áburðurinn fellur á köfnunarefnisinnihaldinu og á fosfórnum. Fosfórinn reyndist 27% undir skráðu gildi. Innihald systursýnisins stóðst kröfur varðandi kalí innihald.

Systursýni er sýni úr sama pokanum. Þegar tekin hafa verið sýni úr 40 sekkjum á að blanda sýnunum saman til þess að tryggja að öll sýnin séu „eins“.

Í umræddu tilviki hefur greinilega eitthvað farið úrskeiðis svo um munar. Ég vil halda því fram að mælingin sé ekki marktæk og að MAST sleppi því að vísa í umræddar mælinganiðurstöður, rétt eins og að sýnin hafi ekki verið tekin. Hvort sýnið hafi spillst eða hverjar sem ástæðurnar eru, þá er ekki hægt að styðja þá fullyrðingu að sýnin séu „eins“.

Ég óska eftir að niðurstöður efnamælinga á Græði 1 verði ekki hafðar með í ykkar skýrslu. Varðandi þar tvær tegundir sem féllu, geri ég ekki athugasemdir.

*Kær kveðja / Best regards,
Sigurður Þór Sigurðsson
Fjármálastjóri og forstöðumaður áburðarsviðs*

2. Athugasemdir frá Skeljungu hf.

Matvælastofnun
b.t. Valgeirs Bjarnasonar
Austurvegi 64
800 Selfossi

Reykjavík, 10. janúar 2014.

Efni: Áburðareftirlit 2013.

Vísað er til tölvupósts Matvælastofnunar, dags. 9. janúar 2014, þar sem óskað er eftir þeim athugasemdum sem Skeljungur óskar að birtist í ársskýrslu stofnunarinnar.

Verði texti um selen í inngangskafli skýrslunnar birtur er þess vinsamlegast óskað að neðangreind athugasemd verði birt í inngangstexta skýrslunnar, á eftir texta Matvælastofnunar. Sé þess ekki kostur er gerð sú krafa að í inngangskafli komi skýrt fram að athugasemdir Skeljungs vegna selenmælinga Matvælastofnunar sé að finna í viðauka við skýrsluna.

Athugasemd Skeljungs:

Í EB reglugerð nr. 2003/2003 um áburð, sem Matvælastofnun starfar eftir við eftirlit sitt, er hvergi minnst á efnið selen, þar sem það er ekki plöntunærandi efni. Af því leiðir að í reglugerðinni eru engar reglur um það hvernig sýnatökum skuli háttáð eða hvernig sýni skuli efnagreind með tilliti til selens. Afar nákvæmar reglur eru hins vegar í reglugerðinni um sýnatökur og efnagreiningar á þeim efnum sem þar er fjallað um.

Skeljungur verður því að koma á framfæri mótmælum sínum við framkvæmd sýnatöku og greiningu selens í áburðinum. Bráðnauðsynlegt er að rétt sé staðið að sýnatöku og greiningu selensins til þess að réttar niðurstöður komi út úr greiningunni. Sér í lagi þegar litið er til þess að selenið er einungis 0,002% af innihaldi áburðarins, sem er langan veg frá þeim 2% sem reglugerðin miðar við.

Framleiðslu áburðarins sem inniheldur selen er þannig háttáð að selenkornum er bætt út í áburðinn, þannig að hlutföllin eru 20 grömm í hverju tonni. Það þýðir einnig að í sýni af stærðinni 500 gr., sbr. þau sýni sem Matvælastofnun tekur, ætti að vera 10 milligrömm af seleni. Skeljungur áætlað að það gefi 5 korn af seleni. Það gefur augaleið að þegar tekin eru svo lítil sýni geta selenkornin fallið utan þeirra. Er slík sýnataka því ekki áreiðanleg til þess að mæla seleninnihald áburðarins. Annað kann að gilda um áburð sem er ekki blandaður, þ.e. þar sem örliðið selen er að finna í hverju einasta korni, líkt og í áburði keppinauts Skeljungs. Hvað blandaðan áburð varðar þá verða niðurstöður efnagreininga út frá slíkum sýnum eðli máls samkvæmt tilviljanakenndar.

Til þess að áreiðanleg mæling á seleni í áburðinum fáið þarf að taka ákveðinn fjölda 600 kílóa. sekkja, blanda þeim saman og mylja þá niður. Skipta þeim svo upp í fjóra hluta og velja einn hluta af handahófi, sem er síðan skipt upp í fjóra hluta o.s.frv., þar til magnið er komið niður í þá stærð að mögulegt sé að senda sem sýni til greiningar hjá viðurkenndri rannsóknarstofu. Að öðrum kosti verður greiningin óáreiðanleg og ólíkleg til þess að gefa rétta mynd af seleninnihaldi áburðarins.

Skeljungur hefur upplýsingar um niðurstöður fjölda sýnataka og greininga óháðs aðila, þar sem selen hefur meðal annars verið rannsakað. Uppgefið æskilegt innihalds selens í heysýnum er á bilinu 90-250µg. Niðurstöður heysýna þeirra bænda sem borið hafa selenbættan áburð frá Skeljungu á í eitt ár

er í kringum 80-90µg. Selenmagn í heysýnum viðskiptavina Skeljungs sem notað hafa selenbættan áburð í fleiri en eitt ár í röð mælist á bilinu 109-226µg. Niðurstöður þeirra bænda sem aldrei hafa keypt selenáburð frá Skeljungi eru nánast undantekningarlaust verulega lægri, eða á bilinu 8-47 µg. Skeljungur er þess fullviss að ef niðurstöður MAST um seleninnihald áburðar Skeljungs væru réttar myndu sýnin ekki sýna svo augljósa aukningu selens í heyinu.

Það gefur augaleið að sýnataka og efnagreiningar Matvælastofnunar verða að vera áreiðanlegar. Skeljungur telur framkvæmdina við sýnatökur til mælinga á seleni ómarktæka, bæði þar sem Matvælastofnun hefur engar formreglur við að styðjast við sýnatökuna og einnig þar sem sú sýnatökuaðferð sem stofnunin beitir geti ekki gefið áreiðanlegar niðurstöður. Auk þess hefur Matvælastofnun ekki við neinar formreglur að styðjast við efnagreiningu selens í áburðinum og er alls óvíst að efnagreining selens hafi verið unnin á réttan hátt.

Með birtingu óáreiðanlegra og villandi upplýsinga getur stofnunin skaddað verulega traust viðskiptavina Skeljungs á áburðinum. Skeljungur hefur þvert á móti fengið afar jákvæð viðbrögð frá viðskiptavinum sínum vegna seleninnihalds áburðarins. Seleninnihald heys hefur hækkað og að sögn viðskiptavina hefur heilsa búfjár batnað.

Skeljungur þakkar Matvælastofnun á ný fyrir samstarfið á liðnu ári.

Virðingarfyllt,
f.h. Skeljungs hf.

Lúðvík Björgvinsson
framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs